

Alþingi

Erindi nr. Þ 121/1241

komudagur 1/4 1997

Nefndasvið Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

25. mars 1997


Geðverndarfélag Íslands hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um réttindi sjúklinga, 260. mál, sem lagt var fyrir Alþingi á 121. löggjafarþingi 1996.

Um er að ræða endurflutning á samskonar frumvarpi sem lagt var fyrir 120. löggjafarþingið, en því máli var vísað til heilbrigðis- og trygginganefndar Alþingis og er nú endurflutt eftir að breytingar hafa verið gerðar á frumvarpinu.

Þær breytingar sem gerðar hafa verið á frumvarpinu eru til bóta, en því miður ganga þær breytingar skammt. Engin ástæða er til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir. Inn í það vantar alltof mörg atriði og nægir að nefna að Evrópuráðið samþykkti samning um lífsiðfræði í nóvember árið 1996, en í þeim samningi eru mörg atriði sem ganga mun lengra en þetta frumvarp. Í lok aprilmánaðar n.k. munu einstök ríki byrja að staðfesta samninginn og ef Ísland ætlar að staðfesta hann getur hann orðið að gagni við að endurbæta frumvarp það sem nú liggur fyrir.

Ef markmið Alþingis er að samþykkja frumvarp til laga um réttindi sjúklinga sem verður til bóta fyrir þá, er engin ástæða til að samþykkja frumvarpið eins og það liggur fyrir nú. Geðverndarfélag Íslands vonast til þess að nauðsynlegar endurbætur verði gerðar á frumvarpinu.

Virðingarfyllst,



Tómas Zoëga
formaður stjórnar Geðverndarfélags Íslands